

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 277/2021

frá 24. september 2021

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1070 frá 20. júlí 2020 um tilgreiningu einkenna þráðlausra aðgangsstaða sem þekja lítið svæði skv. 2. mgr. 57. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5cza (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2243) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czb. **32020 R 1070**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1070 frá 20. júlí 2020 um tilgreiningu einkenna þráðlausra aðgangsstaða sem þekja lítið svæði skv. 2. mgr. 57. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtið. ESB L 234, 21.7.2020, bls. 11).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1070, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 234, 21.7.2020, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2021 frá 24. september 2021 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

⁽²⁾ Verður birt.